

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
44. fundur –1. október 2001

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 1. október 2001, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, og hófst hann kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra. Árni Sverrisson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 43. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt

2. Starfsleyfi.

2.1 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - skyndibitastaður/pylsu sala.

Lögð fram umsókn Guðrúnar Kristmundsdóttur f.h. Pylsusölnunnar ehf. kt: 441197 2259, dags. 26. september 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaðar.

2.2 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - skyndibitastaður/kaffihús.

Lögð fram umsókn Sigmundar Dýrfjörð f.h. Te & kaffi, kt: 130456 2279, dags. 1. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Hagasmára 1, Smáralind í Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og innra eftirlits innan 2 mánaðar.

3. Kröfur í starfsleyfum.

3.1.1 Starfsreglur fyrir söfnun og flutning á sorpi og framleiðsluúrgangi.

Samþykkt.

3.1.2 Starfsreglur fyrir rekstur hænsnabús að Elliðahvammi.

Samþykkt.

4. Viðræður við yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins.

Umræður í framhaldi af heimsókn yfirstjórnar Hollustuverndar ríkisins á fund heilbrigðisnefndar sbr. lið 2 í fundargerð nefndarinnar frá 24. september 2001.

Farið var yfir helstu atriði um framkvæmd eftirlits samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og samskipti við Hollustuvernd ríkisins sem annast skal eftirlit með framkvæmd laganna.

Sérstaklega kom til umræðu rekstur fastrar mælistöðvar sem rekin hefur verið á Hvaleyrarholti frá 1994 og hugmynd Hollustuverndar ríkisins um að hætta þátttöku í þeim rekstri. Heilbrigðisnefnd telur að rekstur mælistöðvarinnar hafi mikla þýðingu í mengunarvarnaeftirliti og eigi því að halda áfram. Formanni og framkvæmdastjóra falið að kynna afstöðu nefndarinnar fyrir bæjarstjóra Hafnarfjarðar og Umhverfisráðaherra.

5. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem haldinn var á Akureyri 17. september s.l. ásamt ársskýrslu samtakanna.

6. Önnur mál.

6.1 Tengsl heilbrigðisnefndar við sveitarstjórnir umdæmisins.

Jón Bjarni Þorsteinsson ræddi samskipti heilbrigðisnefndar við sveitarstjórnir umdæmisins og hvort ástæða væri til breytinga.

6.2 Íbúðarhúsnæði.

Í framhaldi af umræðu á fundi heilbrigðisnefndar þann 27. ágúst s. l var rætt um ósamþykkt húsnæði sem leigt er út til íbúðar og talist getur hættulegt heilsu íbúanna ekki hvað síst með tilliti til velferðar barna. Heilbrigðiseftirlitið er nú fylgja eftir kröfum um úrbætur vegna slíks húsnæðis á tveimur stöðum í Hafnarfirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:00.

Gestur Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigurgeir Ólafsson

Andrés Pétursson